

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Réttingaverkstæði Sveins ehf.
kt. 620304-3520

Starfsstöð: Eyrargata 9 og 11, 740 Neskaupstaður
Fastanúmer: 216-9065, 216-9066

Leyfið gildir frá 21. febrúar 2020 til 21. febrúar 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **bifreiðaréttingar, bifreiðamálun og hjólbarðarþjónusta**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Réttingaverkstæði Sveins ehf., kt. 620304-3520
Starfsstöð: Eyrargata 9 og 11, 740 Neskaupstaður
Fastanúmer: 216-9065, 216-9066

Leyfið gildir frá 21. febrúar 2020 til 21. febrúar 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **bifreiðaréttingar, bifreiðamálun og hjólbarðarþjónustu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 7. janúar 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða réttinga- og hjólbarðaverkstæði og bifreiðasprautun.

Bifreiðar sem koma í viðgerði eru þvegnar í verkstæðisaðstöðunni. Til staðar er sprautuklefi, lakkbar og lokaður þvottabúnaður fyrir áhöld.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Fylgiskjal 2. Starfsleyfisskilyrði fyrir hjólbarðaverkstæði*
- *Fylgiskjal 3. Starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðasprautun*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Sprautuklefi

Sprautunarklefi er með yfirþrýstingi. Síur eru bæði í lofti (inntak) og gólfi (úttak). Síum er skipt út eftir þörfum en nemar gefa til kynna hvenær tími er kominn á það.

Lakkbar

Loftræsting er við lakkbar, bæði yfir þvotta aðstöðu og þar sem vigtun efna fer fram.

Þvottaaðstaða áhalda

Áhöld eru þrifu í þar til gerðum hreinsikerfum, s.s. lokuðum þvottabúnaði, og er þvottur aðskilin eftir eðli/gerð efnanna.

Olíugeymir

Olíugeymir þjónar sprautuklefa verkstæðisins. Um er að ræða tvöfaldan 2000 L plastgeymi.

Öruggar mengunar, áreksturs-, eld-, og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur hans.

Meðferð efnavöru

Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegum umbúðum.

Mengunarvarnabúnaður

Þar sem hætta er á að fljóttandi efni eða úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, mottur, tvist eða sag.

3. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Krafa er um að á starfstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir og aðgengilegt eftirlitsaðila.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

4. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

5. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.

6. Annað sem varðar starfsemina

Fráveita

Skólþ fer í 3000 L tank sem sveitarfélag Fjarðabyggðar þjónustar.

Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.

Loft, ryk og hávaði

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að hávaði, ryk, lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

Afsog frá leysi efna- og öðrum lyktaruppsprettum skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.

Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Spilliefni skulu geymd á afmörkuðu svæði með vökvaheldu yfirborði. Ílát undir spilliefni skulu standa á lekabyttum.

Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Allt sem starfseminni tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að hvorki sé hættu á foki, óþrifum í umhverfi né óþægindum fyrir nágranna.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

21. febrúar 2020

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

21. febrúar 2020

Réttingarverkstæði Sveins ehf.
Eyrargata 9
740 Neskaupstaður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir bifreiðaréttingar, bifreiðamálun og hjólbarðarþjónustu að Eyrargötu 9 og 11, 740 Neskaupstað

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir bifreiðaréttingar, bifreiðamálun og hjólbarðarþjónustu að Eyrargötu 9 og 11 í Neskaupstað barst 7.1.2020. Umsækjandi er Réttingaverkstæði Sveins ehf., kt. 620304-3520.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 23. janúar sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 20. febrúar 2020.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllt, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.